

**Vatnsból Hjallaness og Skammbeinsstaða í
Holtum**

Árni Hjartarson

Greinargerð ÁH-2001-06

VATNSBÓL HJALLANESS OG SKAMMBEINSSTAÐA Í HOLTUM

Bændur í Hjallanesi og á Skammbeinsstöðum í Holtum fóru þess á leit við Orkustofnun að hún léti gera sérfræðiathugun á vatnsbólum bæjanna með það fyrir augum að fá fram álit á því hvað ylli þeim breytingum sem þar hafa orðið. Undirritaður sérfræðingur stofnunarinnar í vatnsveitu- og grunnvatnsmálum skoðaði vatnsbólinn þann 14. september 2001 í fylgd Kjartans Magnússonar bónda í Hjallanesi.

Vatnsból Hjallaness er í Skammbeinsstaðaheiði norður af Skammbeinsstöðum en um 1800 m vestur af bæjunum í Hjallanesi. Þarna var lind sem aldrei þraut. Mælingar sýndu að vatnsmagn hennar var að jafnaði 50 – 60 l/mín. Stór kúabú eru í Hjallanesi og vatnspörfin því tölverð. Vatnsbólið var tekið í notkun 1977 en hafði áður verið í lítilli lindarvætlu í Bjallanum ofan við bæina. Miðlunartankur, sem tekur um 4 tonn, er við vatnsbólið. Það dugði vel í rúma tvo áratugi og bar ekki á vatnsskorti. Við jarðskjálftana í júní 2000 urðu breytingar á þessu. Við seinni stórskjálftann, þann sem varð 21. júní, tók strax að bera á minna rennsli í lindinni og 10 dögum síðar var hún þurr. Vatnsskortinum var mætt með því að kæla niður hitaveituvatn til nota fyrir menn og skepnur og jafnframt vonast til að grunnvatnsaðstæður breyttust til fyrra horfs er tímar liðu. Bið virðist ætla að verða á því. Þegar vatnsbólið var skoðað 14. sept s.l. var þar ekki dropa að sjá.

Vatnsból Skammbeinsstaða er í Skammbeinsstaðaheiði norðvestan við bæina neðan við svokallaða Háuvörðu. Þar var lind sem notuð var sem vatnsból fyrir öll búin á Skammbeinsstöðum en þar var löngum þrífyllt. Vatnsbólið var tekið í notkun á fyrri hluta 20. aldar og þótti mjög tryggt svo aldrei bar á vatnsskorti og var miðlunartrými við bólið þó jafnan lítið. Við skjálftann þann 23. júní 2000 minnkaði rennsli í lindinni og hvarf síðan alveg. Vatnsskorti var mætt með líkum hætti og í Hjallanesi en báðir bæir nota hitaveituvatn frá Hjallaneslaugum. Þegar vatnsbólið var skoðað þann 14. september 2001 voru 120 cm frá inntaksstútum í lindarbrunni og niður á grunnvatnsborðið en meðan vatnsbólið var í notkun voru oftast 20-50 cm frá vatnsborðinu niður á inntaksstúta. Grunnvatnsstaðan er því um 150 cm lægri nú en hún var oftast áður fyrr.

Athugun þessi leiðir í ljós að vatnsskorturinn í vatnsbólum Hjallaness og Skammbeinsstaða stafar af breytingum sem urðu í vatnafari svæðisins eftir jarðskjálftana í júní 2000. Það var einkum seinni stóri skjálftinn sem varð afdrifaríkur enda sprakk þá jörð í nágrenninu. Grunnvatnsborðið virðist hafa lækkað á allstóru svæði í Holtum og ekki náð fyrra horfi á ný. Veturinn 200/2001 var að vísu snjóléttur og úrkoma undir meðallagi fram eftir ári 2001. Af þeim sökum stóð grunnvatnsborð nokkuð lágt á Suður- og Suðvesturlandi og raunar víðar. Það skýrir þó ekki nema að litlu leyti hina afbrigðilega lágu vatnsstöðu í Holtum, þar skiptu jarðskjálftarnir sköpum.

Orkustofnun 16. september 2001

Árni Hjartarson